

Ed.

635. Frumvarp til laga

[131. mál]

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar fasteignir:

- a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
- b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
- c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
- d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.
- e. Jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðar-ness og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem taldar eru í staflíðunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem taldar eru í a—c lið 1. málsg., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

Jörðin Grísará seljist ábúanda hennar fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta, enda verði hún jafnframt gerð að ættaróðali kaupanda. Við matið sé tillit tekið til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.